**Nd. 680. Þingsályktun**

um kaup eða leigu á síldarbræðslustöð.

(Afgreidd frá Nd. 13. maí).

Alþingi heimilar ríkisstjórninni að kaupa síldarbræðslustöð dr. Pauls á Siglufirði, ef þess er kostur með hagkvæmum kjörum, eða að öðrum kosti að

taka á leigu og starfrækja síldarbræðslustöð, sem ella mundi verða óstarfrækt, næsta síldveiðitímabil, á Siglufirði eða annarsstaðar, enda sé stöðin þá að öllu leyti í rekstrarhæfu ásigkomulagi frá hendi eiganda og áhætta í sambandi við reksturinn ekki óhæfilega mikil að dómi ríkisstjórnar.